



Yoko Ono leikstýrir mynd sinni Botnar árið 1966

FLUXUS

8. og 9. áratugnum. Þótt erfitt sé að setja Fluxus- hópinn á ákveðinn pólitískan bás eða festa við hann ákveðna pólitíska hugmyndafræði, þá má segja að sameiginlegt einkenni þeirra sem mynduðu hópinn hafi verið, að þeir vildu rjúfa einangrun listarinnar frá fólkinu og beita henni til þess að hafa bein áhrif á umhverfi sitt og samfélagið í heild. Fluxus-listin átti ekki bara að vera í þjónustu lífsins, hún átti að vera hluti af lífinu, bein og milliliðalaus reynsla fyrir hvern og einn. Frumkvöðullinn George Maciunas frá Litháen var til dæmis lengi framánaf sannfærður marxisti og hafði óbilandi trú á möguleika listarinnar til þjóðfélagslegra áhrifa eða byltingar. Slík trú var líka rík hjá mönnum eins og Joseph Beuys. Aðrir lögðu meiri áherslu á að hlutverk listarinnar væri fyrst og fremst eins konar vitundarvakning um umhverfið og skynheim mannsins. Athyglisverð er deilan um „borgaralega list“ og listastofnanir, sem gekk svo langt að félagar hópsins fóru í kröfugöngur til að krefjast þess að opinberar listastofnanir yrðu lagðar í rúst eða til að mótmæla flutningi á verkum nútímatónskáldsins Karlheinz Stockhausen, svo dæmi séu tekin, en Fluxus-mönnum þótti tónlist hans óþarflega flókin, óaðgengileg og leiðinleg auk þess sem tónskáldið hafði einhvern tímann látið þau orð falla um jazztónlist að hún væri tónlist villimanna.

Einn þeirra sem stóð að slíkum aðgerðum ásamt með George Maciunas var bandaríska tónskáldið og heimspekingurinn Henry Flynt, sem reyndar var svo samkvæmur sjálfum sér í gagnrýni sinni á „hámenningarlist-

inni“, að hann eyðilagði öll þau listaverk sem hann hafði unnið sjálfur árið 1962 og skapaði enga

list eftir það. Í athyglisverðri og gagnrýninni grein um sögu Fluxus-hópsins, sem Flynt birtir í sýningarskrá Fenejubiennalsins, segir hann að afstaða sín til listarinnar hafi byggst á þeirri heimspökilegu forsendu, að „ef smekkur er subjektífur og einstaklingsbundinn, þá er enginn hæfari en ég sjálfur til að skapa

reynslu er hæfi smekk mínum“ og því sé listamaðurinn í sömu fölsku sporunum og tískuteiknarinn sem segir: „klæðist mínum fötum til að vera þið sjálf“. Niðurstaðan var því sú að hver og einn yrði að vera sinn eigin listamaður. Eða eins og Wolf Vostell orðaði það: „Jeder Mensch ist ein Kunstwerk“, sérhver einstakling-

ur er listaverk.

Flynt segir að umræðan um and-listina hafi verið til lykta leidd árið 1968, og að þar með hafi frammúrstefnulistin endanlega komist á leiðarenda. Látaletti svokallaðra frammúrstefnumanna í hneykslunarskyni eftir þetta séu ekki annað en hefðbundin henti-stefna og spákaupmennska og allar tilraunir síðustu tvo áratugina til að endurvekja svokallaða frammúrstefnulist séu í rauninni ekki annað en eftirsjá eftir hákúl-túrnum eða hagnýt auglýsinga-starfsemi fyrir venjulega nútíma-list. Og Flynt bendir með nokkurri réttu á að endurtekning á ungæðislegum leikbrellum Fluxus-listamannanna þróist auðveldlega yfir í framleiðslu á ódýrum og út-vötnuðum bröndurum.

Flynt var að þessu leyti undantekning frá reglunni: hann tók gagnrýni sína bókstaflega og hætti að skapa list sem var ætluð öðrum. Aðrir félagar í Fluxus-hópnum virðast hins vegar hafa



Wolf Vostell: Phaenomena, happening í Berlín 1965

XUS

litið bæði á listsköpun sína og þá gagnrýni sem hún fól í sér á hámenningunni sem ákveðinn lífsmáta framar öðru. Þessir menn trúa því að einmitt þessi lífsmáti sem býður upp á stöðugt endurmat og gagnrýna skoðun á umhverfi okkar og sambandi okkar við það, sé lykillinn að því að breyta þjóðfélaginu og uppgötva ný gildi, bæði í náttúrunni, samfélaginu og manningum sjálfum. Þess vegna segja menn að Fluxus-andinn lifi enn, og að hann muni verða ein listastefna frá 20. öldinni sem muni lifa áfram fram á þá 21.

Ólafur Gíslason